Ársþing SASS 2023

SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Desember 2023
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Ingvi Már Guðnason

Inngangur

- Viðhorfskönnun þingfulltrúa til ársþings SASS 2023
- Könnunin var send út eftir ársþing
- Voru það 40 sem svöruðu af þeim 87 sem könnunin fengu könnunina



Hvaða fundi sóttir þú ?

Þátttakendur voru spurðir út það hvaða fundi þeir sóttu og gátu þeir valið fleiri einn valkost.



Skipulag og aðstaða á ársþinginu.

Þegar spurt var hvað þingfulltrúum fannst um skipulag og aðstöðu á ársþinginu.

- 35% voru mjög ánægð
- 37,5% voru ánægð
- 5% voru hvorki ánægð
- 5% óánægð
- 17,5% vildu koma öðru á framfæri og meðal þess var:

„Gera þarf ráð fyrir að hægt sé að ræða og bregðast við ef þingfulltrúar samþykkja ekki fjárhagsáætlun eins og hún er lögð fram. Sama á við um gjaldskrár.“

„Aðstaðan var fín að mínu mati en skipulagið hefði mátt vera betra. Ég hefði viljað minnka fyrirlestra og gefa meira rými fyrir umræður þá sérstaklega um ályktir nefnda.“

„Hefði mætt vera í sal sem að hentaði svona viðburði betur, einnig var afgreiðsla á mat ekki nógu skilvirk.“



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Niðurstöður milliþinganefnda

SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Þegar spurt var hvað þingfulltrúum fannst um niðurstöður milliþinganefnda voru svörin:

- 15% voru mjög ánægð.
- 65% ánægð.
- 7,5% voru hvorki ánægð né óánægð.
- 12,5% vildu koma öðru á framfæri og meðal þess var:

„Mikilvægt að fólk velji sig í nefndir svo þekking og innsýn fólks nýtist sem best.“

„Fannst einkennilegt að bera allar tillögur upp í einni atrennu og samþykkja. Hefði fundist gott að eina tillögu í einu og leyfa umræður. Þá hefði verið gott að kynna þær deginum áður og svo samþykktar seinni daginn. Það veitir fulltrúum ráðrúm til umræðu.“

„Spurning hvort að milliþinganefndirnar eigi að funda yfir lengri tíma ? Vikulegir fundir í mánuð er pínu krefjandi, spurning um aðra hverja viku í 2 mánuði, svo maður geti metið og hugsað málið milli funda.“

„Ég hafði ekki tök á því. Því miður er margt í skipulagi sem miðar að því að fólk geti mætt á fundi á dagvinnutíma sem er alls ekki í mínu tilviki. Ég þarf að skipuleggja störf fyrir sveitarfélagið og það skarast nokkuð við mitt aðalstarf og ekki á það bætandi að missa meira úr vinnu fyrir mig.“



Innihald erinda ársþingsins

Spurt var um innihald allra 12 erinda ársþingsins, fengu þingfulltrúar skala til þess að setja erindin á þar sem að 1 var mjög óánægður og 10 mjög ánægður.

Kynning á sveitarfélaginu Mýrdalshreppi. Einar Freyr Elínarson



Lýðfræðileg þróun – Fjölmenning. Hvernig bregst samfélagið við? Nicole Leigh Mosy og Einar Freyr Elínarson



Hvernig virkjum við rödd ungmenna á Suðurlandi ? Sólmundur Sigurðarson



Innihald erinda ársþings

SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

SOS- Hvert er hlutverk Orkugerðarinnar í hringrásarhagkerfinu? Steinþór Skúlason



Samtal sveitarstjórnarfólks og þingmanna Suðurkjördæmis. Panill með þingmönnum Suðurkjördæmis.



Kynning á umhverfis- og orkumálum. Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.



Innihald erinda ársþings

SOS- Úrgangstraumar aðildarsveitarfélaga SOS 2022. Elísabet Björney Lárusdóttir



SOS- Hvernig geta sveitarfélögin og Úrvinnslusjóður styrkt samstarfið? Sandra Brá Jóhannsdóttir



HSL- Staða fráveitumála á Íslandi. Hólfríður Þorsteinsdóttir



Innihald erinda ársþings

Stafræn þróun og stjórnsýsla – Hvernig gagnast hún sveitarfélögunum? Sigríður Magnea Björgvinsdóttir



Verkefni innviðaráðuneytisins. Hermann Sæmundsson



Samband íslenskra sveitarfélaga. Heiða Björg Hilmisdóttir og Arnar Þór Sævarsson



Hvaða efni fannst þingfulltrúum vanta umfjöllun um?

„Vantaði umræðu um stöðu landbúnaðar“

„Gera þarf málefnum HSL og SOS meira pláss á þinginu sjálfu. Mikilvægir og stórir málaflokkar sem eiga erindi við alla sem sækja þingið. Margir farnir þegar aðalfundirnir eru á dagskrá og fundirnir keyrðir áfram svo fólk komist heim“

„Meira málefnastarf. Færri ræður. Fleiri málefni. Málstofa/-ur.“

„Málefni fatlaðs fólks“

„Nei,, enda þétt skipuð dagskrá af þeim erindum sem tekin voru fyrir.“

„Mér fannst vanta tíma til samtals m.a. um tillögur milliþinganefndanna“

„nei“

„Kjarasamninga og vinnumarkaðinn almenn hefði mátt ræða meira. Sveitarfélögin eru gríðarstór atvinnurekandi með þúsundir starfsmanna og mér finnst vanta meiri umfjöllun um málefni því tengd. Til dæmis – hvernig má auka starfsánægju starfsmanna, um kjaramál og fleira slíkt.“

SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Var einhverju efni eða erindi ofaukið á ársþingi?

„Styttri erindi eða færri. Ályktanir milliþingsnefnda mættu fá meira pláss og vera fyrr um daginn.“

„Allt hefur þetta eitthvað erindi við okkur og eflaust önnur brýn málefni sem mætti taka fyrir,, en það kemur dagur eftir þennan dag“

„Panill með þingmönnum, staðgengill Sigurðar Inga“

„Mögulega of mörg erindi á þinginu. Þyrfti meira rúm fyrir samtal“

„Mér fannst í raun öllum erindum ofaukið. Hefði viljað sleppa öllum nema e.t.v. erindi frá Ráðherra orkumála og gefa meira rými til umræðna meðal þingfulltrúa“

„Of langt – klára þetta á einum degi !“

„Hefði viljað hafa meiri tíma til að ræða málefni ráðanna heldur en að fá kynningar á hinu og þessu.“

„Of stíf dagskrá á fimmtudegi“

„Mér fannst erindið frá Sambandi íslenskra sveitarfélag mega vera betra. Vantaði tölulegar upplýsingar sem oftast hafa verið á glærum og aðeins betri yfirferð um kjarasamningagerðina framundan og stöðuna þar.“

„Erindi um stafræna þróun hefði átt frekar við sveitarstjóra og starfsfólk“

„Ef ráðherra kemst ekki sleppa embættismanninum. Þurrt. Bætir engu við.„

„Ungmennaráðserindið og erindið um stafræna þróun skildu lítið eftir að mínu mati.“

SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Á heildina litið hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með ársþing SASS 2023?

- 17.95% þeirra þingfulltrúa sem að svöruðu könnuninni voru mjög ánægð með ársþingið
- 58.97% þeirra sem svöruðu könnuninni voru ánægð með ársþingið
- 17.95% þeirra sem svöruðu könnuninni voru hvorki ánægð né óánægð með ársþingið
- 5.13% þeirra sem að svöruðu könnuninni voru mjög óánægð með ársþingið



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Kallað var eftir tillögum eða ábendingum varðandi ársþingið

„Á heildina litið mjög gott þing, góð fundarstjórn og flott aðstaða.“

„Ekkert sem mér liggur þungt á hjarta, það er í mörg horn að líta varðandi skipulag á svona stórum samkomum og útilokað að gera svo öllu líki alltaf.. Stjórn og framkvæmdastjóri eiga hrós skilið fyrir umgjörð alla. Takk fyrir mig“

„Föstudaginn eftir hádegi mætti nýta betur. Allir á svæðinu og gott að gefa umræðu þingfulltrúa meira rými.“

„Fannst aðstaðan á hótelinu ekki til fyrirmyndar – leitt með veitingar að þær voru að stærstum hluta innfluttar. Þá er bagalegt að vera með gistinguna í mörgum húsum.“

„Það væri fínt að hafa tvö þing, eitt að hausti og eitt að vori.. á öðru þeirra væru einhver erindi en á hinu væri kannski meiri vinna unnin og fólk fengi tækifæri til að ræða hlutina“

„Fækka erindum og gefa milliþinganefndum meira rými. Taka eitt málefni fyrir í einu, fara yfir niðurstöður nefndarinnar, ræða niðurstöður og breyta/bæta og afgreiða svo hvert mál fyrir sig. Ég myndi einnig vilja slíta SOS og HSL frá SASS. Þ.e. að haldinn sé sér fundur fyrir hvort um sig.“

„Stytta þingið, hafa það einn föstudag“

„Hafa dagskrána ekki of þétta svo að fólk hafi úthald til að hlusta.“

Kallað var eftir tillögum eða ábendingum varðandi ársþingið

„Mætti vera meiri tími til umræðna fyrir þátttakendur. Jafnvel fresta afgreiðslum nefnda til föstudagsmorgun – má alveg teygjast aðeins úr föstudeginum. Saknaði þess að hafa ekki tíma fyrir spurningar út í erindin hjá SOS og HSL. Mjög áhugaverð erindi á þeim fundum.“

„Reyna að dreifa „álaginu´´ þannig að það sé ekki komin þreyta í mannskapinn þegar ráðist er í mikilvæga vinnu eins og að tillögur nefnda.“

„Fylgast þarf betur með hverjir hafa atkvæðisrétt þegar tillögur eru bornar undir atkvæði. Töluvert var um það á þinginu og aðalfundum HSL og SOS að aðilar sem ekki höfðu atkvæðisrétt greiddu atkvæði með eða móti.“

„Öll aðalfundarstörf SASS HSL og SOS fyrri daginn. Málstofur og afgreiðsla ályktana seinni daginn. Kosningar báða daga samt svo fólk mæti.“

„mér fannst vanta uppbrot í daginn, málstofur þar sem samræður á milli fulltrúa væru aðgengilegri.“